



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1249*  
*komudagur 24.2.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Evu M. Ægisdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 047/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp um meðhöndlun úrgangs**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs sem núna er til meðferðar í Alþingi.

Stjórnin samþykkti að senda umhverfisnefnd Alþingis meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs.

Stjórn sambandsins er kunnugt um að nú sé til meðhöndlunar í umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og voru fulltrúar sambandsins boðaðir til fundar með nefndinni um málið þann 20. febrúar sl.

Tvívegis áður hefur stjórn sambandsins gefið umsögn um framangreint frumvarp og hafa þær umsagnir aðallega snúist um áhyggjur af verulegum kostnaðarauka sem lögfesting frumvarpsins hefur í för með sér. Í umsögn sem stjórnin samþykkti 3. desember 2002 var lögð áhersla á að nauðsynlegt væri að kostnaðarmat væri fyrirbyggjandi áður en frumvarpið væri afgreitt og að sveitarfélögunum væru tryggðar tekjur til að standa undir kostnaðarakanum.

Fyrir liggur að ekki verði lengur beðið með að lögfesta frumvarpið vegna skuldbindinga íslenska ríkisins gagnvart EES-samningnum. Ljóst er að fullnægjandi kostnaðarmat liggur ekki fyrir enda er viðurkennt að óvissuþættir varðandi framkvæmd laganna og setningu reglugerða samkvæmt þeim eru slíkir að raunhæft kostnaðarmat er ógerlegt á þessum tímapunkti.

Í ljósi framangreindra aðstæðna leggst stjórnin því ekki gegn samþykkt frumvarpsins enda verði tryggt að markmiðum laganna verði náð með eins litlum kostnaðarauka og unnt er. Jafnframt verði tryggt að áhrif og framkvæmd laganna verði könnuð eftir því sem reynsla fæst af framkvæmd þeirra og sveitarfélögunum tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af þeim hlýst.

Sambandið leggur því til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við frumvarpið sem ákvæði til bráðabirgða:

*“Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð 6 mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs héraðs og á hinu evrópska efnahagssvæði. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um með hvaða hætti þeim kostnaði verði mætt.”*

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórður Skúlason

framkvæmdastjóri